

sem er ekki tölulega mótmælt, að fullu til greina ásamt 7% vöxtum frá 1. júní 1968 til greiðsludags og málskostnaði, kr. 75.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Fosskraft, s. e. f., greiði stefnanda, Gústav Sigjónssyni, kr. 504.711.60 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júní 1968 til greiðsludags og kr. 75.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. maí 1971.

Nr. 45/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Ársæli Guðjónssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarmen Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.
Ítrekun. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt fæðingarvottorði ákærða, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er hann fæddur 5. desember 1945.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðum 4. febrúar 1965, var ákærði dæmdur í 3.000.00 króna sekt fyrir ölvunarakstur og sviptur ökuleyfi 8 mánuði. Hefur brot þetta ítrekunaráhrif á brot það, sem um er fjallað í máli þessu, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar, en svipta ber ákærða ökuleyfi ævilangt.

Ákærða ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00. Annar áfrýjunar-

kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, enda hefur af hálfu ákærvalds verið fallið frá kröfu á hendur ákærða um greiðslu frekari áfrýjunarkostnaðar en málsvarnarlauna.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði, Ársæll Guðjónsson, er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00, en annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Neskaupstaðar 18. febrúar 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., er með ákæru, dags. 4. febrúar 1971, höfðað af saksóknara ríkisins á hendur Ársæli Guðjónssyni iðnnema, Blómsturvöllum 43, Neskaupstað, fæddum 5. desember 1945 í Reykjavík, fyrir að aka síðdegis mánudaginn 13. október 1969 undir áhrifum áfengis og neyta áfengis við aksturinn bifreiðinni N 306 frá Reyðarfirði um Eskifjörð til Neskaupstaðar og þar um götur í kaupstaðnum, unz lögreglan stöðvaði frekari akstur ákærða við kirkjugarðinn.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur sett eftirtöldum kærnum og refsingum:

1965 4/2 í Reykjavík: Dómur: 3.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 8 mánuði, fyrir brot á fengislögum og umferðarlögum.

1965 6/3 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1965 21/10 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Mánudaginn 13. október 1969 var lögreglunni í Neskaupstað tilkynnt í síma, að grunur léki á því, að ákærði væri að aka bifreið sinni, N 306, undir áhrifum áfengis.

Hjálmar Ólafsson lögreglumaður hóf þegar leit að bifreiðinni og ákærða og fann hana eftir skamma stund við bifreiðaverkstæði Gylfa Gunnarssonar hér í Neskaupstað.

Áður en lögreglumaðurinn næði til að stöðva ákærða, ók hann út í kaupstað.

Lögreglumaðurinn ók á eftir ákærða, sem ók bifreiðinni N 306, í dálítilli fjarlægð. Ákærði ók að húsinu Þiljuvöllum 19 og hleypti þar farþega út, og ók ákærði síðan út að kirkjugarði og stöðvaði þar, en vegurinn lá ekki lengra.

Lögreglumaðurinn hafði þar tal af ákærða. Hafi ekki farið milli mála, að ákærði var töluvert ölvaður.

Lögreglumaðurinn óskaði eftir því, að ákærði kæmi til blóðrannsóknar, og var ákærði fús til þess.

Niðurstaða alkóhólrannsóknar var sú, að í blóði ákærða fundust reducerandi efni, er samsvara 1.70% af alkóhóli.

Lögreglumaðurinn kom fyrir dóminn og staðfesti skýrslu sína.

Ákærði kom fyrir dóminn og kvað skýrslu lögreglumannsins rétta.

Ákærði viðurkenndi að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn.

Ákærði kvaðst muna óskýrt, hvort hann drakk við aksturinn, en rengdi ekki það, sem segir um drykkju við aksturinn frá Reyðarfirði, en í skýrslunni segir, að ákærði „kvaðst hafa drukkið á leiðinni heim“.

Ákærði kvaðst hafa verið að koma frá Reyðarfirði og hafa ekið bifreiðinni.

Hafi hann ekið eitthvað út í Neskaupstað og síðan að verkstæði Gylfa Gunnarssonar. Þaðan að Þiljuvöllum 19 og síðan að kirkjugarðinum.

Svo sem að framan er rakið, er brot ákærða fullsannað, bæði með játningu hans sjálfs, framburði lögreglumannsins og niðurstöðu alkóhólrannsóknar.

Þykir brot ákærða varða við þau lagaákvæði, sem greind eru í ákæru. Verða því kröfur ákæruvaldsins teknar til greina að öllu leyti.

Svo sem fyrr greinir, var ákærði með dómi, uppkveðnum 4. febrúar 1965, sviptur ökuleyfi í 8 mánuði.

Ekki þykja ítrekunaráhrif því koma til greina hér.

Refsing sú, sem ákærði hefur til unnið, þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969 hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómarinn getur þess, að hann hafi fengið mál þetta í hendur 27. janúar 1971.

Gísli Einarsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Ársæll Guðjónsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 21. maí 1971.

Nr. 219/1970. Rósa Guðnadóttir

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Halli Hallssyni, Amalíu Skúladóttur,

Skúla Hallssyni og Huldu M. Hallsdóttur

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. desember 1970 og krafizt þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið, synjað verði um framgang hinnar kröfðu gerðar og stefndu dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.